



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. maí 2008.

**UMSÖGN MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS UM TILLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR
UM AÐ FORDÆMA MANNRÉTTINDABROT OG HVETJA BANDARÍSK YFIRVÖLD TIL AÐ
LOKA FANGABÚÐUNUM Í GUANTANAMO
135. LÖGGJAFARÞING 2007– 2008, ÞSKJ. 107 — 107. MÁL**

Hið svokallaða „stríð gegn hryðjuverkum“ sem Bandaríkjastjórn hóf í kjölfar hryðjuverkaárásanna 11. september 2001 markaði straumhvörf í mannréttindavernd en undanfarin ár hefur hið alþjóðlega mannréttindakerfi beðið mikinn hnekki. Fangelsið í Guantanamo er ein alvarlegasta birtingarmynd þessa – en þar er mannréttindum fórnað með vísan til „öryggissjónarmiða“.

Síðan 11. janúar 2002 hafa á áttunda hundruð manns af fjörutíu þjóðernum, þar á meðal börn, þurft að þola ólögmeta frelsissviptingu og pyntingar og ómannúðlega meðferð í herstöð Bandaríkjanna í Guantanamo-flóa á Kúbu. Um 270 meintir hryðjuverkamenn eru enn í haldi eftir að hafa verið handteknir með handahófskenndum hætti. Bandarísk stjórnvöld halda því fram að fangarnir falli utan lögsögu bandarískra dómstóla og mannúðarlaga sem „ólöglegir bardagamenn“ (e. unlawful combatants). Því er fram haldið að nýjar reglur nái yfir þessa menn sökum þeirrar hættu sem stafar af þeim; réttindi þeirra verði að víkja fyrir hagsmunum Bandaríkjanna. Fangarnir í Guantanamo eiga því ekki kost á að fá skorið úr um lögmæti frelsissviptingar sinnar fyrir bandarískum dómstólum sem brýtur gegn alþjóðlegum mannréttinda- og mannúðarréttarreglum.

Vegið er að réttarríkinu og þrískiptingu ríkisvaldsins þegar menn sem grunaðir eru um aðild að hryðjuverkum fá ekki aðgang að dómstólum og réttað er yfir óbreyttum borgurum í herdómstólum og sérdómstólum sem eru ekki hluti almenna dómskerfisins, heldur heyra undir framkvæmdavaldið. Hinir sk. „ólöglegu bardagamenn“ eiga á hættu að vera leiddir fyrir sérstakar hernefndir sem settar hafa verið á laggirnar utan við gildandi lagakerfi bandaríska hersins og borgarlegra dómstóla. Nefndir þessar hafa lögsögu yfir glæpum sem hefðbundnir herdómstólar hafa ekki, s.s. hryðjuverkum, morðum og flugránum. Hernefndirnar uppfylla ekki lágmarkskröfur þjóðaréttar um réttláta málsmeðferð þar sem hermenn yfirheyra fangana og gegna jafnframt hlutverki saksóknara, verjanda og dómara. Hernefndirnar heyra undir framkvæmdavaldið og eiga fangarnir enn sem komið er ekki kost á að áfrýja máli sínu til borgaralegra dómstóla nema að mjög takmörkuðu leiti. Nefndirnar leyfa vitnisburð sem fenginn eru með pyndingum, sakborningar eiga ekki kost á að kynna sér öll gögn og hafa takmarkaðan aðgang að lögfræðiaðstoð. Þá er það óásættanlegt að fyrrgreindar hernefndir, sem ekki uppfylla grunnskilyrði um réttláta málsmeðferð, geta dæmt fanga til dauða.

Fjöldi ríkisstjórna, mannréttindasamtök og alþjóðastofnanir hafa hvatt til að fangelsinu í Guantanamo verði lokað, réttað verði yfir föngunum eða þeim sleppt ella. Eftirlitsfulltrúar Sameinuðu þjóðanna birtu skýrslu í febrúar 2006 sem byggir á viðtölum við fyrrum fanga,



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

lögmenn fanga og opinberum gögnum. Í skýrslunni segir að langvarandi fangelsun í Guantánamo teljist „handahófskennd frelsissvipting“ sem brýtur gegn mannréttindum. Fulltrúarnir telja það einnig mannréttindabrot að Bandaríkjastjórn fari með dómsvald, ákærvald og varnir sakborninga þegar réttað verður yfir þeim en einnig lýsa þeir áhyggjum sínum af yfirheyrsluaðferðum í fangelsinu og aðbúnaði fanga sem brjóti gegn banni við pyndingum. Fulltrúarnir hvetja Bandaríkjastjórn til að loka fangelsinu tafarlaust.¹

Mannréttindabrot í fangelsinu í Guantanamo eru réttlætt með vísan til baráttu gegn hryðjuverkum. Hryðjuverk grafa klárlega undan mannréttindum, lýðræði og réttarríkinu en áhrifamáttur hryðjuverkahópa ræðst ekki hvað síst af því hvernig staðið er að baráttunni gegn þeim. Ef mannréttindabrotum er svarað með frekari mannréttindabrotum og mannhelgi og frelsi er fórnað í þágu öryggissjónarmiða þá er hið s.k. „stríð gegn hryðjuverkum“ tapað. Ríkjum er rétt og skylt að vernda borgara sína gegn hryðjuverkaárásum og koma lögum yfir hryðjuverkamenn, en „öryggi“, sem fengið er með ofríki, er dýrkeypt og falskt. Heildstæð mannréttindavernd, með virðingu fyrir einstaklingum og manngildi í fyrirrúmi, er frumskilyrði og óaðskiljanlegur hluti áhrifaríkrar baráttu gegn hryðjuverkum þegar til lengdar lætur.

Mannréttindaskrifstofan fagnar aukinni áherslu íslenskra stjórnvalda á mannréttindamál á alþjóðavettvangi undanfarin misseri en fyrirliggjandi þingsályktunartillaga er í samræmi við þessar nýju áherslur. Mannréttindaskrifstofan styður heilshugar þau sjónarmið sem fram koma í tillögunni og vonast til þess að hún nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri

¹ Sérlegir eftirlitsfulltrúar og sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna samþykktu sameiginlega yfirlýsingu á árlegum fundi sínum 2004 þar sem þeir lýstu áhyggjum af áhrifum baráttunnar gegn hryðjuverkum á mannréttindavernd, sérstaklega hvað varðar réttarstöðu, aðbúnað og meðferð fanga sem eru grunaðir um aðild að hryðjuverkum og fóru þess á leit sameiginlega að sérlegum eftirlitsfulltrúa með sjálfstæði dómara og lögræðinga, formanni vinnuhóps um handahófskenndar frelsissviptingar, sérlegum eftirlitsfulltrúa réttarins til að njóta líkamlegrar og andlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er og eftirlitsfulltrúanum sem hefur eftirlit með banni við pyndingum verði gert kleift að heimsækja fanga sem eru í haldi í Afganistan, Írak og Guantanamó flóa herstöðinni og grunaðir eru um hryðjuverk, til að tryggja að alþjóðlega viðurkennd mannréttindi þeirra séu virt. „Report of the eleventh annual meeting of the special rapporteurs/representative, independent experts and chairpersons of the working groups of the special procedures of the Commission on Human Rights and the Advisory Service Programme“, Genf, 21. – 25. júní 2004, E/CN.4/2005/5, Annex IA. Í júní 2005 var bandarískum stjórnvöldum tilkynnt, í ljósi þess að beiðni fulltrúanna hafði ekki verið svarað, að eftirlitsstofnanir Sameinuðu þjóðanna hefðu hafði sjálfstæða skoðun á stöðu fanganna í Guantanamo-herstöðinni. Í október 2005 buðu bandarísk stjórnvöld þremur sérfræðinganna að heimsækja Guantanamo í einn dag. Tekið var fram að fulltrúarnir fengju ekki að ræða við fangana einslega. Fulltrúarnir mótmæltu þessu en þáðu boðið að því tilskyldu að þeim yrði leyft að ræða við fangana undir fjögur augu, annars væri effitt að meta stöðu þeirra hlutlaust. „UN Human Rights Experts respond to invitation from US to visit detention facilities in Guantanamo Bay“, The United Nations Office at Geneva, HR05127E, 31. október 2005. <http://www.unog.ch>. Bandarísk stjórnvöld samþykktu ekki skilyrði fulltrúanna. Úr varð að fulltrúarnir sömdu skýrslu sína um aðbúnað fanganna án þess að heimsækja fangelsið.